

152. löggjafarþing 2021–2022.
Þingskjal 365 — 167. mál.
Síðari umræða.

Frávísunartillaga

í málinu: Tillaga til þingsályktunar um breytta skipan ráðuneyta
í Stjórnarráði Íslands.

Frá Eyjólfí Ármannssyni.

Þar sem fram hefur komið:

- a. að ekki er uppfyllt skilyrði 2. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, um að leggja fyrir Alþingi til umræðu og afgreiðslu áður en forsetaúrskurður er gefinn út líkt og mælt er fyrir í ákvæðinu,
 - b. að ekki er uppfyllt skilyrði 2. gr. laga nr. 115/2011 um að tiltaka í tillögunni fjölda ráðuneyta og heiti þeirra allra,
 - c. að tillagan ber ekki með sér að verið sé að fjölga og ákveða að ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands skuli vera tólf,
 - d. að til staðar er misræmi á nöfnum ráðherra í forsetaúrskurðinum frá 28. nóvember sl., nr. 126, og fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu,
 - e. að misræmi virðist vera á milli málefnaþingaráðherra í forsetaúrskurðinum frá 28. nóvember sl. og fyrirbyggjandi tillögu,
 - f. að ekki er uppfylltur tilgangur 2. gr. laga nr. 115/2011 um að þingheimur fái tækifæri til að fjalla efnislega um fyrirhugaðar breytingar á fjölda ráðuneyta í formi þingsályktunartillögu í samræmi við ákvæði þingskapa,
 - g. að þingsályktunartillaga sú sem hér liggur fyrir um breytta skipan ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er ekki í samræmi við 2. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, hvað varðar efni og form,
- er lagt til að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.